

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 14.11.2024

Verkefnaráð	1
Bjargey	3
Leikskólareiknir	4
Hverfasjá	4
Straumlínulögun úrvinnslu beiðna til þjónustuvers.	5

Verkefnaráðsfundur 14.11.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024 - Kynningar
Dagsetning 14.11.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólímánn Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Bryndís Eir Kristinsdóttir, Salvar Þór Sigurðsson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudagur 14.nóvember 2024, kl.09:30 – 10:30– 5.hæð vestur, Laufbrekka, Borgartún 12-14

09:30 -09:35 Samstilling

09:35–09:55 Bjargey, Leikskólareiknir og Hverfasjá: Bryndís Eir

09:55–10:00 Umræður

10:00–10:20 Straumlínulögun beiðna – Salvar

10:20–10:30 Umræður

10:30 Fundi slitið

Bjargey

Stóra myndin

Miðstöð Menntunar og skólaþjónustu ásamt Menntamálaráðuneytinu eru í þróun á nemendagrunni og nemendaumsýslukerfi á landsvísu er byggir á lausnum og vinnu Reykjavíkurborgar og því er Bjargey í hnignunarfasa. Nýr nemendagrunnur ber nafnið Frigg.

1. **AD – tengingar og prófanir** – Desember 2024: Reykjavíkurborg verður fyrsta sveitafélagið til þess að fá aðgang að Frigg.
2. **Gagnatengingar** – Janúar/febrúar 2025: Gagnatengingar í gegnum vefþjónustur og grunn gagnatengingar úr Frigg í SFS api og öfugt.
3. **Innritun í 1. bekk** – Mars 2025: Tveir möguleikar til að innrita barn. Huga þarf að bæði upplýsingagjöf og flæði gagna. Það má velta upp hvort þetta sé skynsamleg nálgun?
4. **Frigg** – byrjun árs 2026: Gagnatengingar á milli Friggjar og SFS api farin að virka vel. hægt að leggja niður nemendaumsýslukerfið Bjargey

Tímaáætlun Friggjar er eftirfarandi:

- **Febrúar 2025:** Raungögn keyrð inn í kerfið og það tengt við Þjóðskrá
- **Mars 2025:** Innritun í 1 bekk, umsókn um nýjan skóla og umsókn um sjálfstætt starfandi skóla.
- **Júní 2025:** Umsóknir um sérdeildir og sérskóla
- **Haust 2025:** Umsýsla nemenda á island.is og ýmis samþykki forsjáaraðila
- **Lok 2025:** Greiðsluvél á milli sveitafélaga

Vegvísir

Október – desember

Hætt við:

- ~~Sjálfstætt starfandi skólar~~
- ~~Sérdeildir~~
- ~~Umsýsla nemenda á Mínum síðum – munum afhenda MMS tilbúna hönnun~~
- ~~Breytingar á því hvernig við óskum eftir tungumál í nærumhverfi barns~~

Höldum áfram með:

- AD tengingar og prófanir með skólastjórnendum, kennurum, fagstjórum og aðilum á SFS og þjónustuveri í desember

Janúar – mars

- Gagnagrunnstengingar Friggjar og SFS forritaskil
- Almennt viðhald og uppfærslur
- Innritun í 1. bekk

Næstu skref fyrir Bjargey

- Það verður engin nýþróun í Bjargey.
- Almennt viðhald og uppfærslur - nauðsynlegt að grípa villur sem koma upp og við munum vera opin fyrir innritun í 1. bekk 2025.

- Þetta þýðir að forsjáraðilar hafa tvær leiðir til þess að innrita barnið sitt í grunnskóla árið 2025.
 - Míнар Síður Reykjavíkurborgar og Island.is

Aftur í efnisyfirlit

Leikskólareiknir

Stóra myndin

1. **Samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla** – Eru nú þegar í höfn hjá SFS og SSL
2. **SSL í Völuna** – Janúar2025: Koma þarf sjálfstætt starfandi leikskólum inn í Völuna. Verkefni infoMentor.
3. **SSL í Leikskólareikninn** – Febrúar2025: Sjálfstætt starfandi leikskólar sóttir í Leikskólareikninn úr Völunni

Vegvísir

Október – desember

- Almennt viðhald og uppfærslur
- Viðbætur við kortið á leikskólareikninum – mun einnig nýtast fyrir kortið í Hverfasjá

Janúar – mars

- Almennt viðhald og uppfærslur
- Bæta sjálfstætt starfandi leikskólum inn í biðlistatölur sem birtast í Leikskólareikningum - vefþjónustur

Hverfasjá

Stóra myndin

1. **Bakendi skilar nauðsynlegum gögnum** – Desember 2024: Öll gögn komin sem þarf úr gagnagrunninum (Baklandinu)
2. **Framendinn tilbúin** – Desember 2024: Framendinn grípur gögn úr bakendanum og skilar samkvæmt hönnun.
3. **Síðustu yfirferðir og ítrun gagna og texta** – Janúar 2025: Mikil samvinna með USK og allt tilbúið fyrir útgáfu
4. **Hverfasjá í loftið** – 29 janúar 2025

Vegvísir

Október – desember

- Prófunarumhverfi sett upp
- Beinagrind af Hverfasjá í prófunarumhverfi
 - Sækja heimilisfang í LUKR

- Vefumsjónarkerfið Prismic sett upp
- Öll nauðsynleg gögn úr Baklandinu (gagnagrunnur á USK) Sótt og birt
- Gefið út á raunprófunarumhverfi

Janúar – mars

- Síðustu yfirferðir og ítrun á texta
- Útgáfa í lok janúar 2025

Önnur mál á USK:

- Baklandið skiptist í tvennt
 - Gagnagrunnur á USK
 - Viðmót fyrir starfsfólk USK
- Mikilvægt að þetta tvennt fari í rekstur og vörustýringu hjá ÞON

Sigrar

- Vinna frá teyminu nýtist á landsvísu
- Kerfi og viðmót verktaka á USK fara í rekstur og vörustýringu á ÞON. Vinnum eftir réttum ferlum og skýrri stefnu

Hindranir

Það sem hægir á okkur:

- Hæg framvinda í Hverfasjá sem tengist gagnagrunninum og flækjustigi þar
- Aðeins einn bakendaforritari sem getur tekið að sér Hverfasjá og dregst inn í önnur mikilvæg verkefni

Aftur í efnisyfirlit

Straumlínulögun úrvinnslu beiðna til þjónustuvers


Stóra myndin

Ábendingarvefurinn er samskiptagátt þar sem íbúar geta komið áleiðis fyrirspurnum, ábendingum, kvörtunum og öðru a framfæri við borgina. Kerfið er einnig verkbeiðnakerfi fyrir starfsfólk borgarinnar til að vinna úr innsendum ábendingum.

Vefurinn er í Drupal 7 vefumsjónakerfinu sem er á leið úr stuðningi, og var upphaflega planið að uppfæra vefinn í Drupal 10 og halda honum í nokkurn veginn sömu mynd og hann hefur verið hingað til en nú hafa komið upp breytingar sem keyra af stað nýtt verkefni.


Nýtt verkefni

Ábendingavefurinn var barns síns tíma – handsmíðað kerfi utan um verkferla USK, sem var síðan sett í stærra hlutverk og fært til þjónustuvers. Fyrir vikið erum við með tvö keimlík verkefni sem snúast bæði um að þjónustuverið noti JIRA til að vinna úr innsendum samskiptum frá íbúum. Ef við höldum áfram að líta á ábendingar sem annan hlut en tölvupósta munum við enda með tvö aðskilin JIRA-kerfi í þjónustuverinu sem vinna úr sömu hlutunum með mismunandi hætti.



Lausn:

- Starfsfólk þjónustuvers vinnur öll skilaboð frá íbúum í sama kerfi, með sama hætti og sömu verkferlum.
- Íbúar fá sömu þjónustu óháð því hvort þeir sendu í gegnum ábendingavef eða í tölvupósti.
- Samlegðaráhrif í innleiðingu – þjónustuverið hefur unnið mikla og góða vinnu við að þróa JIRA-ferla fyrir afgreiðslu tölvupósta. Að vinna þá áfram til að meðhöndla skilaboð sem berast gegnum ábendingavef er mun auðveldara en að smíða nýja ferla og nýtt kerfi frá grunni.
- Hægt verður að meðhöndla og greina öll gögn um svörun þjónustuvers.
- Innri vefur ábendingakerfisins, þ.e. verkbeiðnahlutinn, verður lagður niður í núverandi mynd. Með JIRA-ferlum þjónustuvers sem eru hannaðir í samvinnu við svið borgarinnar – sérstaklega USK – verður tryggt að þjónusta skerðist ekki og skilaboð fari áfram rétta leið.



Hvað er búið að gera:

- Búið er að hafa samband við hagaðila sem eru jákvæðir fyrir þessari breytingu
- Stýrihópur í verkefninu Ábendingarvefurinn er upplýstur um stöðuna og er samþykktur því að fara þessa leið

Næstu skref:

- Vinna áfram með þjónustuveri við innleiðingu JIRA fyrir tölvupósta frá íbúum.
- Fá bókaðan og staðfestan tíma hjá forriturum í útfærslu á framenda.
- Funda með hagsmunaaðilum sviða, sér í lagi hjá USK, til að tryggja að afhending frá JIRA sé gerð með réttum hætti.

Tímarammi: 4 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 10 m.kr.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags 14.11.2024: 3,47

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Óskað er eftir 10 mkr. til þess að straumlínulaga úrvinnslu beiðna sem berast til þjónustuvers

Niðurstaða verkefnaráðs

Samþykkt. Nýtt verkefni sem vörustjóri leiðir áfram. Lokum verkefninu Ábendingarvefur en þetta verður innleiðing verkbeiðnakerfis í Jira.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra og deildarstjóra vöru og vefstýringar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit